



Borgarráð

Reykjavegur 15, Laugardalsvöllur KSÍ, leiga

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki meðfylgjandi viðbótarleigusamning við KSÍ ehf., kt. 501202-2820 um afnot af hluta af aðstöðu á Laugardalsvelli.

Greinargerð:

Að ósk Skóla- og frístundasviðs er óskað eftir að framlengja á leigu hluta húsnæðis á Laugardalsvelli fyrir Laugarnesskóla á meðan unnið er að útbúa kennsluaðstöðu á lóð skólans. Aðstaðan á Laugardalsvelli yrði áfram notuð undir kennslustofur fyrir hluta af nemendum. Um er að ræða hluta húsnæðis á 3. hæð auk sameignar.

Samningurinn er tímabundinn til 9. júní 2023. Að þeim tíma liðnum myndast ótímabundinn samningur og verður gagnkvæmur uppsagnarfrestur 1 vika.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Leigusamningur við KSÍ dags. 1. sept. 2022

Viðbótarsamningur I við KSÍ dags. 27. október 2022

Viðbótarsamningur II dags. 7. mars 2023

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar – eignasjóðs kt. 570480-0149, hér eftir nefndur leigutaki og KSÍ ehf, kt. 501202-2820, Laugardalsvelli, 104 Reykjavík hér eftir nefndur leigusali, gera með sér svofelldan;

VIÐBÓTARSAMNING II UM LEIGU

1. Gildisvið

Þann 1. september 2022 gerðu leigusali og leigutaki með sér leigusamning og viðbótarsamning I milli aðila dagsettan 27. október 2022 um hluta húsnæðis KSÍ á Laugardalsvelli í Reykjavík. Gildistími leigusamningsins var til 1. nóvember 2022. Leigusali og leigutaki hafa komist að samkomulagi um að gera leigusamning þar sem Skóla- og Frístundasvið Reykjavíkurborgar notar fyrir rekstur leik- og/eða grunnskóla. Fyrirnefndur samningur milli leigutaka og leigusala gildir í öllum atriðum að öðru leyti en því sem kemur fram í þessum viðbótarsamning.

Gildistími er lengdur.

2. Samningstími

Samningurinn er tímabundinn til 9. júní 2023. Að þeim tíma liðnum myndast ótímabundinn samningur og verður gagnkvæmur uppsagnarfrestur 1 vika.

3. Önnur ákvæði

Samningurinn er gerður með fyrirvara um að nauðsynleg leyfi fáiast samþykkt.


Fyrirvari er á samningi þessum að leigusali hafi afnot af hinum leigðu rýmum á eftirfarandi dagsetningum, 17. og 18. apríl 2023.

Reykjavík 7. mars 2023

Leigutaki:



F.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Leigusali:


F.h. KSÍ ehf.

Vitundarvottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila;

Nafn: , kt. 141258-4279

Nafn: , kt. 230784-2729

HÚSALEIGUSAMNINGUR

1. gr.

Aðilar samningsins

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, f.h. Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, Reykjavík, í samningi þessum nefndur „leigutaki“ og KSÍ ehf., kt. 501202-2820, Laugardalsvelli, 104 Reykjavík, í samningi þessum nefndur „leigusali“, gera með sér svohljóðandi samning um afnot leigutaka af hluta af aðstöðu leigusala á Laugardalsvelli eins og nánar greinir í samningi þessum.

2. gr

Lýsing á hinum leigða

Hið leigða er afmarkað í fylgiskjali 1 og skiptist í eftirfarandi:

- Tveir fyrirlestrarsalir KSÍ á 3ju hæð stúkubyggingar ásamt tveimur geymslurýmum á 3ju hæð og búnaði sem fylgir fyrirlestrarsölum og rýmum, þ.m.t. stólar, borð og annar búnaður.
- Sameign hússins
- Kaffistofa starfsmanna

3. gr.

Starfsemi leigutaka

Húsnæðið er leigt undir starfsemi Laugarnesskóla.

4. gr.

Breytingar á húsnæði


Ekki er gert ráð fyrir neinum varanlegum breytingum á húsnæðinu vegna samningsins en leigutaki mun setja upp innréttingar til að þjóna starfsemi skólans. Leigusali mun veita leigutaka endurgjaldslaus afnot af búnaði sínum á leigutíma sem kann að nýtast skólanum, t.d. lausum borðum, stólum og öðrum búnaði.

5. gr.

Leigutímabil

Leigusamningur þessi er tímabundinn frá 1. september 2022 til 1. nóvember 2022. Haldi leigutaki áfram afnotum sínum eftir lok leigutímans og krefjist leigusali ekki rýmingar á eigninni á sama tímabili, telst vera kominn á ótímabundinn leigusamningur með þeim sömu skilmálum og greinir í þessum samningi að því undanskildu að hvorum samningsaðila er heimil uppsögn með 7 daga fyrirvara.

Leigutaki mun ganga frá hinu leigða þannig á föstudögum að KSÍ geti haldið námskeið um helgar í hinum leigðu rýmum (fyrirlestrarsölum).



6. gr. Húsaleigan

Leigutaki skuldbindur sig að greiða leigusala mánaðarlega húsaleigu frá og með þeim degi sem starfsemi leigutaka hefst í hinu leigða húsnæði sem svarar til kr. 2.286.560 með virðisaukaskatti fyrir fullan mánuð og rétt hlutfall þar af fyrir hluta úr mánuði.

Húsaleigan er innheimt mánaðarlega með útsendum reikningi frá KSÍ ehf. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt á eindaga. Reikningar leigusala skulu berast leigutaka 25 dögum fyrir gjalddaga til að dráttarvextir teljist réttmætir. Reikninga skal senda á Reykjavíkurborg - eignasjóð, kt. 570480-0149, b/t borgarbókhalds Borgatúni 10-12, 105 Reykjavík eða bokhald@reykjavik.is. Leigusali skal tilgreina verkbeiðninúmer 24062 á útsendum reikningum.

7. gr. Rekstrarkostnaður

Leigusali greiðir öll gjöld tilheyrandi húsnæðinu á leigutímanum og kostnað af notkun vatns, rafmagns og hefðbundinna ræstinga. Leigutaki skal skila húsnæðinu snyrtilegu við lok hvers dags. Ef bæta þarf við sérstökum sorpgámum þá skal Reykjavíkurborg greiða þann kostnað.

8. gr. Önnur samningsákvæði

Samningurinn er gerður með fyrirvara um að nauðsynleg leyfi fáiast samþykkt. Leigutaki ber ábyrgð á að afla allra tilskilinna leyfa og réttinda fyrir starfsemi sína ef með þarf.

Leigutaki ber ábyrgð á tjóni á hinu leigða samkvæmt ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 og almennum reglum skaðabótalaga.

Leigusali er ekki ábyrgur fyrir slysum sem kunna að verða á nemendum og/eða starfsmönnum skólans á leigusvæðinu á leigutímabilinu.

Um húsaleigusamning þennan gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994, að svo miklu leyti sem þau kunna að eiga við.

Mál sem kann að rísa út af húsaleigusamningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki í frumriti.

Öllu framanrituðu til staðfestu er samningur þessi undirritaður í votta viðurvist.

Reykjavík, 1. september 2022


Leigusali:

Klara Rjó
F.h. KSÍ


Leigutaki:


F.h. Reykjavíkurborgar skv.
samþykki borgarráðs 25.08.2022

Vottar að rétttri dags., undirskrift
og fjárræði aðila


Nafn og kt.

2103785469


Nafn og kt.

220368-4099

Önn framtíðin er stjórnað af samningnum þess undirritaðs í vottaðri vottun.

Reykjavík, 7. september 2022



[Signature]
F. H. KSI

Vottun að nelli daga undirritaðs
og samningi aðila

[Signature]
F. H. KSI

[Signature]
F. H. KSI



séreygn
sameygn

VRg. Ulls

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar – eignasjóðs kt. 570480-0149, hér eftir nefndur leigutaki og KSÍ ehf, kt. 501202-2820, Laugardalsvelli, 104 Reykjavík hér eftir nefndur leigusali, gera með sér svofelldan;

VIÐBÓTARSAMNING UM LEIGU

1. Gildisvið

Þann 1. september 2022 gerðu leigusali og leigutaki með sér leigusamning um hluta húsnæðis KSÍ á Laugardalsvelli í Reykjavík. Gildistími leigusamningsins var til 1. nóvember 2022. Fyrirnefndur samningur milli leigutaka og leigusala gildir í öllum atriðum að öðru leyti en því sem kemur fram í þessum viðbótarsamning.

Gildistími er lengdur.

2. Samningstími

Samningurinn er tímabundinn til 31. mars 2023. Samningstími verður ekki framlengdur frekar af hálfu KSÍ og ber leigutaka að hafa rýmt leigt húsnæði/svæði eigi síðar en 1. apríl 2023.

3. Önnur ákvæði

Hinu leigða svæði fylgir sú kvöð að KSÍ sé veittur aðgangur að fyrirlestrarsölum á 3. hæð hússins (vörnin og sóknin) eftir kl. 16:00 hvern virkan dag og hefur fullan aðgang að þeim svæðum hússins um helgar yfir gildistími leigusamningsins. Við skipulagningu viðburða sem fram fara á vegum KSÍ í fyrirlestrarsölum á 3. hæð hússins (vörnin og sóknin) skulu skólastjórnendur upplýstir um fyrirhugaða viðburði með a.m.k. 24 klukkustunda fyrirvara.


Samningurinn er gerður með fyrirvara um að nauðsynleg leyfi fáiast samþykkt.

Reykjavík 27. október 2022


Leigutaki:



F.h. Reykjavíkurborgar
sbr. samþykki borgarraðs 27.10.2022

Leigusali:


F.h. KSÍ ehf.

Vitundarvottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila;

Nafn: , kt. 230784-2725

Nafn: , kt. 210375-5469